

**Bréf frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar dags. 20. janúar 2020 til íbúaráðs Kjalarness vegna tillagna að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Saltvík á Kjalarnesi og lóðina nr. 6-8 við Koparsléttu .**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillagna að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Saltvík á Kjalarnesi og Koparsléttu 6-8 birtist í Frétta- og Lögbirtingablaðinu í dag. Tillögurnar eru í kynningu frá 20. janúar 2020 til og með 2. mars 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóðum.

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-saltvik-1>

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/koparsletta-6-8>

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Koparsléttu 6-8**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 11. desember 2019 og borgarráðs Reykjavíkur þann 9. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Koparsléttu. Í breytingunni felst að heimilt er að starfrækja malbikunarstöð á lóðinni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Kjalarnes, Saltvík**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 11. desember 2019 og borgarráðs Reykjavíkur þann 9. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að bæta við nýjum byggingarreit (reitur F) á landið fyrir starfsmannahús og auka nýtingarhlutfall. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð**, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **20. janúar 2020 til og með 2. mars 2020**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 2. mars 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**